

sérstaka áhættu í starfi sínu. Verður því að skoða umrædda „áhættuþóknun“ að nokkru leyti sem uppbót á laun.

Að þessu athuguðu og öðru því, sem hér að framan er rakið, verður að telja, að strætisvagnstjórar eigi rétt til kjarabóta úr hendi stefnda í sambærilegum hlutföllum og kjarabætur þær, sem lögreglumenn og slökkviliðsmenn hafa þegar fengið. Og þar sem stefndi hefur ekki andmælt fjárhæð stefnukröfunnar, verður hann dæmdur til þess að greiða stefnanda hana með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 1900.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna sem setudómari.

Vegna veikinda dómarans um hálfis mánaðar skeið hefur dómur eigi orðið kveðinn upp í málinu fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda, Guðmundi Halldórssyni, kr. 10.313.58 með 6% árs-vöxtum af kr. 3334.61 frá 1. janúar 1957 til 1. janúar 1958, af kr. 6711.48 frá þeim degi til 1. janúar 1959 og af kr. 10.313.58 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 1900.00 í máls-kostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að við-lagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desember 1960.

Nr. 210/1960. **Bjarni Pálsson**
 gegn
Atla Þorbergssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. nóvember 1960, er hingað barst 5. desember s. á. Hann krefst þess, að héraðsdómurinn verði úr gildi felld-

ur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Héraðsdómur hefur samkvæmt heimild í 116. gr. laga nr. 85/1936 vísað máli þessu frá undirrétti, þar sem hann telur vandkvæði á að leggja dóm á málið eftir þeim gögn-um, er fyrir liggja. Eigi þykir rétt, eins og á stendur, að hagga við þessari niðurstöðu héraðsdóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 24. október s.l., var höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, sem birt var 5. september 1959, af Bjarna Pálssyni, Stórholti 43, hér í borg, gegn Atla Þorbergsyni, Snorrabraut 35. Í stefnu krefst stefnandi skaðabóta úr hendi stefnda, að fjárhæð kr. 52.900.00 með 6% vöxtum p. a. frá stefnu-degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá stefndi Bjarni þeim Ólafi Ólafssyni og Ágúst Sesseliussyni, sambýlismönnum sínum í Stórholti 43, til réttargæzlu. Ekkj gerði hann kröfur á hendur þeim.

Við munnlegan málflutning voru af hálfu stefnanda gerðar þessar kröfur:

Aðallega, að aðalstefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 52.500.00 með 6% vöxtum p. a. frá 5. september 1959 til greiðslu-dags og málskostnað að skaðlausu.

Til vara, að aðalstefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 30.187.50 ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og segir í aðalkröfu.

Í greinargerð var af hálfu aðalstefnda aðallega krafizt frávísunar og málskostnaðar, en til vara sýknu og málskostnaðar. Til þrautavara var krafizt lækkunar á upphæðum og þess, að málskostnaður yrði látinn niður falla.

Frávísunarkrafan var studd þeim rökum, að samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936 ætti að beina kröfum um bætur til réttar-

gæzlustefndu auk aðalstefnda, þar sem um væri að ræða gallaða húshluta í sameign. Með úrskurði bæjarþingsins frá 16. febrúar s.l. var frávísunarkröfunni hafnað.

Við munnlegan málflutning var fyrrgreind varakrafa gerð að aðalkröfu af hálfu aðalstefnda, en þess krafizt til vara, að aðalstefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 12.522.50, en málskostnaður látinn niður falla.

Af hálfu réttargæzlustefndu var krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þessir: Snemma árs 1959 keypti stefnandi af aðalstefnda hluta af fasteigninni Stórholt 43, þ. e. efri hæð, ris o. fl. Skömmu eftir að stefnandi fluttist í húsið, fór að bera á leka í íbúð hans, og hlaut af tjón. Mat og yfirmat fóru fram vegna galla þessa, og er bótakrafa stefnanda studd við niðurstöðu yfirmatsins.

Munnlegur málflutningur um efnishlið máls þessa fór fram 28. september s.l. Að gefnu tilefni á dómþinginu var kveðinn upp úrskurður sama dag, þar sem aðiljum var gefinn kostur á að upplýsa, hve mikið hefði verið unnið til að bæta úr göllum þeim, sem fjallað er um í málinu, og hve mikið viðgerðin hefði kostað.

Lögmaður stefnanda, Þorvaldur Lúðvíksson hdl., ritaði bréf til borgardómara 30. september. Þar segir, að viðgerðin hafi hafizt í júlí á s.l. sumri, en ekki sé henni að fullu lokið. Þá segir í bréfinu:

„Umbj. m. hefur ekki hirt um að halda saman reikningum, þar sem krafa hans í málinu er byggð á yfirmati matsmanna, dómkvaddra af yður, en honum þykir sýnt, að verkið verði dýrara en þeir töldu.

Með tilvísun til framangreinds er það krafa mín, að dómur verði lagður á málið og byggt á yfirmatinu, og mun ég eigi afla frekari gagna í máli þessu.“

Hinn 11. október var stefnanda persónulega ritað bréf, sem honum var birt af stefnuvotti. Var hann með tilvísun til 120. gr. sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936 kvaddur til að koma fyrir dóm á tiltekinni stund til að gefa nánari upplýsingar í málinu.

Hinn 18. október s.l. gaf stefnandi skýrslu fyrir dómi, lýsti þar, hvað unnið hefði verið, og var spurður um kostnað við það. Hann kvað erfitt að svara, — hefði hann greitt nokkurn hluta kostnaðar, en hluti hans væri ógreiddur. Þá sagði hann, að þurft hefði að setja upp vinnupalla, en með því væri ekki reiknað í matinu. Stefnandi kvaðst hafa glatað hluta af

nótum þeim, sem hann hefði greitt, og ekki hafa yfirlit yfir greiðslur og skuldir vegna viðgerðarinnar, enda myndi fullkomið yfirlit um kostnað ekki liggja fyrir, fyrr en afgangsefni hefði verið selt. Þá nefndi stefnandi nokkra menn, sem hann kvað hafa unnið við verkið, og hann kvaðst hafa haldið saman, hve mikið hann hefði sjálfur unnið. Hann kvað að lokum erfitt að segja, hvort viðgerðin yrði dýrari eða ódýrari en matsupphæð, en taldi öruggt, að búið væri að verja til hennar hærri fjárhæð en mati nemur, þó að til lækkunar gæti komið vegna efnissölu.

Dómendur lýstu því yfir á þinginu, að fram væri komið, að unnt ætti að vera að leggja fram gögn um kostnað við þann hluta verksins, sem framkvæmdur hefði verið. Frestuðu þeir málinu síðan í eina viku til að gefa kost á að leggja fram þessi gögn.

Málið var síðan enn tekið fyrir 25. október. Stefnandi kom ekki á þingið, en lögmaður hans lýsti því yfir, að stefnandi myndi ekki koma og ekki leggja fram frekari gögn. Í munnlegum málflutningi, sem nú fór fram, lýsti sami lögmaður því yfir, að stefnandi gæti ekki gefið frekari upplýsingar en hann hefði þegar gefið, og taldi, að honum hefði ekki borið skylda til að halda saman reikningum, enda væri hann ekki bókhaldsskyldur.

Stefnandi hefur, sérstaklega tilkvaddur með heimild í lögum nr. 85/1936, komið fyrir dóm og gefið skýrslu um málsatvik. Honum var, þar sem skýrsla þessi var ófullnægjandi, veittur frestur til að undirbúa fullnægjandi skýrslugerð. Þegar sá frestur var úti, lýsti málflutningsumboðsmaður hans því yfir, að stefnandi myndi ekki gefa frekari skýrslur, heldur var þess krafizt, að matsgerð yrði lögð til grundvallar dómi. Það er almenn regla íslenzks réttar, að upphæð skaðabóta geti eigi verið hærri en nemur tjóni því, er bæta skal. Tjón það, er hér hefur orðið, mátti upplýsa með því að gefa dóminum skýrslu um kostnað við viðgerð þá, sem fram hefur farið, en dómendur hafa með för á vettvang gengið úr skugga um, að hún tekur til meginhluta þess, sem bæta þurfti. Verður að telja eftir atvikum öllum, að stefnandi geti gefið skýrslu hér að lútandi. Stefnandi hefur synjað að gefa slíka skýrslu og er mál þetta því vanreifað. Ber þá samkvæmt 116. gr. laga nr. 85/1936 að vísa málinu frá dómi.

Samkvæmt 180. gr. laga nr. 85/1936 ber stefnanda að greiða málskostnað. Þykir eftir atvikum hæfilegt, að hann verði dæmdur til að greiða aðalstefnda kr. 800.00 í þessu skyni, en ekki eru efni til að dæma réttargæzlustefndum málskostnað.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Magnúsi Vigfússyni húsasmíðameistara og Pétri Guðmundssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Bæjarþingsmálinu nr. 1296/1959 er vísað frá dómi.

Stefnandi, Bjarni Pálsson, greiði aðalstefnda, Atla Þorbergssyni, kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Stefnandi skal vera sýkn af málskostnaðarkröfu réttargæzlustefndu, Ólafs Ólafssonar og Ágústs Sesseliússonar.
